

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi vöruhafnarinnar á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. febrúar 2008 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á afmörkun ofangreinds deiliskipulags. Sá hluti deiliskipulagsins sem heldur gildi sínu liggur milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu og er um 6,8 ha, en svæði austan Laufásgötu verður hluti deiliskipulags hafnarsvæðis sunnan Glerár sem tekur gildi samtímis.

Deiliskipulag hafnarsvæðis sunnan Glerár.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. febrúar 2008 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulagið liggur austan Hjalteyrargötu og Laufásgötu og nær milli Glerár og Strandgötu. Það felur í sér endurskoðun og sameiningu tveggja skipulagsáætlana, deiliskipulag fiskihafnarinnar frá 2003 og hluta af deiliskipulagi vöruhafnarinnar frá 1988.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 28. maí 2008,

Pétur Bolli Jóhannesson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. júní 2008